

Föstudaginn 6. marz 1953.

Nr. 142/1948. **Sjálfstæðishúsið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Alfreð Eypórssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson.

Ómerking. Vísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s. á., gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, að fjárnám það, sem stefndi lét framkvæma í húsi hans, Sjálfstæðishúsinu við Thorvaldsenstræti í Reykjavík hinn 6. október 1948, verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og framangreindrar fjárnámssgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði 29. júní 1948. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, svonefnda greinargerð og reikning, að fjárhæð samtals kr. 3210.40. Taldi hann áfrýjanda þar til skuldar kaup fyrir alla sunnudaga í mánuðunum maí—október 1946, 8 stundir á hverjum sunnudegi. Í héraðsstefnu er einungis gerð þessi grein fyrir kröfunni: „Skuld þessi er ógreidd vinnulaun fyrir gæzlustörf í Sjálfstæðishúsinu á árinu 1946.“ Engin frekari grein er gerð fyrir samningum aðilja eða réttarsambandi þeirra af hálfu stefnanda við þingfestingu málsins.

Af hálfu stefnda í héraði var ekki sótt þing, er málið var þingfest. Var það síðan lagt í dóm af umboðsmanni stefnanda án frekari gagna eða raka.

Þessi málatalibúnaður af hálfu umboðsmanns stefnanda var verulegt brot á ákvæðum 105. gr. laga nr. 85/1936. Sökum

þessa megingalla á málsmeðferð í héraði, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Svo ber og að ómerkja fjárnámsgerð þá, sem framkvæmd var hinn 6. október 1948 í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík, til tryggingar dóm-inum.

Þrátt fyrir þessi málalok, ber að dæma áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði og ekki hefur sannað lögmæt forföll, til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfi-lega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast mál-inu frá héraðsdómi.

Fjárnám það, sem gert var hinn 6. október 1948 í Sjálfstæðishúsinu við Thorvaldsensstræti í Reykjavík, til tryggingar hinum ómerkta dómi, er felld úr gildi.

Áfrýjandi, Sjálfstæðishúsið í Reykjavík, greiði stefnda, Alfneð Eypórssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Alfneð Eypórsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. f. m. gegn Sjálfstæðis-húsinu, hér í bænum, til greiðslu skuldar vegna vangoldinna vinnulauna að fjárhæð kr. 3210.40 með 6% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur ekki látið sækja þing, þótt því sé löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar eð þau eru í samræmi við dóm-kröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti. Málskostn-aður ákveðst kr. 500.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjálfstæðishúsið, Reykjavík, greiði stefnanda, Alfneð Ey-pórssyni, kr. 3210.40 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1948 til greiðslu-dags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.